ÓSHÓLMAR EYJAFJARÐARÁR

Ljósmynd: Páll Guðmundsson

Séð yfir Óshólmana inn Eyjafjörð / View of the Óshólmar area into Eyjafjörður.

Ljósmynd: Daníel Bergmann

Æðafuglapar / Common Eider *(Somateria mollissimal)*.

Ljósmynd: Hlynur Kristinsson

Æðihvönn / Garden Angelica *(Angelica archangelica)*.

Ljósmynd: Hlynur Kristinsson

Umfeðmingur / Tufted vetch *(Vicia Cracca)*.

Ljósmynd: Hlynur Kristinsson

Rauðsmári / Red clover *(Tri. pratense)*.

Ljósmynd: Daníel Bergmann

Hettumáfur / Black-headed Gull *(Larus ridibundus)*.

Ljósmynd: Daníel Bergmann

Spói / Whimbrel *(Numenius phaeopus)*.

Óshólmasvæðið

Hér er fjölbreytt lífríki sem markmiðið er að varðveita, þannig að það verði til frambúðar búsvæði fugla og plantna, sem almenningur hefur greiðan aðgang að til fræðslu og útivistar. Hér er farsæl sambúð sérstæðs náttúrufars og fjölsótts útivistarsvæðis með ívafi hefðbundinna nytja. Áhersla er lögð á að umgengni um svæðið skerði ekki plöntu- og fuglalíf þess.

Óshólmasvæði skiptist í fjögur megin svæði:

Nyrst eru ógrónar leirur, sem sjór flæðir yfir að staðaldri á flóði. Bær enda í bröttum marbakka, sem nú liggur þvert yfir fjörðinn fram af Búðargili á Akureyri. Innan við leirurnar taka við hinir eiginlegu óshólmar, en um þá kvíslast áin fyrst í tveimur og síðan í þremur meginkvíslum og mörgum smærri. Sunnan við hólmana taka við mýrar og slétt nes við ána. Syðst eru grundir en þar er landið þurrara vegna framburðar þveránna, sem þar falla niður.

Um Óshólmasvæðið hafa legið mikilvægar samgönguleiðir frá fornu fari s.s. Þingmannaleið, ein hinna fornu leiða milli Eyjafjarðar og Þingeyjarþings og síðar Hringvegur 1 þar til Leirubrúin var gerð árið 1985.

Um svæðið liggur nú fjölfarin reiðleið frá Akureyri, austur um Bildsárskarð, suður á Melgerðismela og víðar.

The area of Óshólmar

The area of Óshólmar has important biodiversity which the intention is to preserve for the future. Emphasis is on preserving this important breeding ground for birds and the distinct vegetation as well as providing suitable access for the public to the area for leisure and environmental education. Cohabitation of unique flora and fauna, a popular recreation area, as well as some traditional utilization of the land all coincide in the area. Special importance is on providing access to the area without disturbing birdlife or damaging vegetation.

The area of Óshólmar can be divided into four principal areas:

The outmost area is mainly sand loams that flood regularly by seawater. The loams end in a steep bank that goes across Eyjafjörður to Búðargil in Akureyri. Inward the loams are wetland where the river Eyjafjarðará branches into many channels. To the south by the river is marshland and flat headland. The southernmost area of Óshólmar is meadow since the soil there is dryer due to silting caused by the connecting rivers of Eyjafjarðará.

Important routes have passed through the area of Óshólmar since settlement time, one of which is Þingmannaleið, the route from the fjord of Eyjafjörður east to the ancient assembly in Þingeyjarsveit. The same principal route later became the national ring road number 1 and was the main connection across the fjord until the year 1985 when Leirubrú (bridge and road) was built.

From Akureyri a much travelled riding trail crosses the old bridges and branches east through Bildsárskarð to Fnjóskadalur and south to Melgerðismelar and more.



Útivistarsvæði

Útivistarsvæðið er hluti marflatrar 20 km langrar sléttu í botni Eyjafjarðar sem nær inn undir Melgerðismela. Sléttan er innsti hluti hins forna Eyjafjarðar, sem Eyjafjarðaráin ásamt þverám, hefur fyllt upp í tímans rás. Sléttan byrjaði að myndast í lok ísaldar, fyrir 10-12 þús. árum, og hefur því lengst um að meðaltali 1 km á hverjum 500 árum.
Um landnám var botn fjarðarins á móts við Kristnes.

Outdoor recreation area

The recreation area is a part of a flat 20 km long plain that extends to Melgerðismelar in the south of the valley, which is the bottom of the ancient fjord. The plain which is composed of silt brought forward by the river Eyjafjarðará and its connecting rivers since ice-age 10-12 thousands years ago, approximately 1 km every 500 years.
At the time of settlement, 900 A.C. the fjord extended as far as Kristnes.

Ljósmynd: Akureyrarbær

Horft norður í átt til Akureyrar / View to the north, towards Akureyri.



Ljósmynd: Tómas á Kalli

Hestar á svæðinu / Horses in the area.

Ljósmynd: Tómas á Kalli

Óshólmarnir er vinsælt göngusvæði / The area is popular for hiking.

Umhverfi, gróður og dýralíf

Leirurnar eru nær eingöngu úr fínum sandi, þó eitthvað leirblönduðum. Sjórinn flæðir yfir leirurnar á hverju flóði, en um fjöru kvíslast áin um þær í óteljandi lænum. Sandurinn er því á stöðugri hreyfingu, svo að jurtir eiga erfitt með að festa sig í honum. Samt er sandurinn ekki líflaus heldur fóstrar hann auðugt líf af örsmáum verum sem þrífast á milli sandkornanna s.s. sandmaðk, ýmsar tegundir skelja, marfló og leirskera. Snemma á vorin fyllast leirurnar af fugli, fyrst eru það einkum sjófuglar svo sem rita og hettumáfur, en síðar einkum vaðfuglar svo sem stelkur, tjaldur, lóa, spói, lóuþrælll og sandlóa.

Á mörkum leiranna og hólmanna eru belti sjávarfitja þar sem sjór flæðir inn á við háflóð, en það skapar sérstætt gróðurfar. Núna vaxa þar um 10 tegundir sem eru meira og minna bundnar við sjávarfitjar og hafa ekki skilyrði annars staðar. Þegar sandurinn á leirunum nær þeirri hæð að sjórinn hættir að flæða yfir hann að staðaldri, fara jurtir að festa þar rætur. Gróðurinn safnar síðan í sig sandi og leðju á hverju háflóði og hækkar landið því ört og þornar jafnframt. Síðan myndast þar gróðurmold og leiran hefur umbreyst í hólma. Í mýrunum er mikið af rykmýslirfum, vorflugulirfum, liðormum, vatnabobbum og skortítum. Einnig er þar nokkuð af jarðvegsmaurum og kóngulóm og ein tegund af ferskvatnssamlokum.

Á svæðinu eru taldar verpa allt að 33 tegundir fugla eða yfir 40% af varpfuglafánu Íslands. Hettumáfur og æðarfugl eru algengustu fuglarnir á svæðinu, en í kjölfarið fylgja: kría; grágæs; hrossagaukur; spói; rauðhöfðaönd; o.s.frv. Fjórar tegundir á svæðinu: grágæs; skeiðönd; grafönd og stormmáfur; eru á válista Náttúrufræðistofnunar.

Gróðurinn á svæðinu hefur breyst undanfarin ár vegna friðunar fyrir beit. Stórvaxnir runnar af gulvíði og loðvíði eru áberandi, geithvönn og ætihvönn vaxa á flóðgörðum og upphækkuðum skurðbökkum og birki sáir sér í vaxandi mæli á hærri svæði í hólmunum. Ennfremur er víða sjálfsáin viða og jafnvel alaskaösp. Víða er mikið af niturbindandi jurtum, s.s. umfeðminga og rauðsmára.

Environment, vegetation and wildlife

The area, Leirur, is mainly sand loams that the sea floods at every tide or the river branches through in countless channels. The sand is therefore constantly on the move which makes it harder for plants to grow in it. The sand is though far from being lifeless, but nurtures the life of microscopic life forms in-between the sand particles e.g. sandworms and various species of shells. Early in spring the area fills with seabirds like Black-legged Kittiwake *(Rissa tridactyla)* and Black-headed Gull *(Larus ridibundus)*, then later with species such as Common Redshank *(Tringa totanus)*, Eurasian Oystercatcher *(Haematopus ostralegus)*, European Golden Plover *(Pluvialis apricaria)* and more. Between the loams and the holms is an area that the sea only floods at high tide creating a very distinct eco-system where 10 species are now found growing. When the loams, due to silting, reach enough height so that they do not regularly get flooded, plants start growing. They then increase the silting of sand and mud at every high tide so the land rises and dries more and more. Then soil is formed and the loam is transformed into a holm. The marshes foster a variety of insects such as larva, spiders, worms and more.

Around 33 bird species breed in the area or over 40% of the breeding-bird fauna of Iceland. The most common species are Black-headed Gull and Common Elder *(Somateria mollissima)*. Four endangered species are known to breed in the area: Greylag Goose *(Anser anser)*; Northern Shoveler *(Anas clypeata)*; Northern Pintail *(Anas acuta)* and Mew Gull *(Larus canus)*.

Vegetation in the area has changed in recent years due to grazing preservation. Naturally seeded large shrubs of willow *(Salex phylicifolia)* and *(Salex lanata)* are now dominant. Wild Angelica *(Angelica sylvestris)* and Garden Angelica *(A. archangelica)* grow on flood banks and birch *(Betula pubescens)* and even poplar *(Pop. trichocarpa)* is naturally seeded in the holms. Tufted vetch *(Vicia Cracca)* and red clover *(Trifolium pratense)* are one of many nitrogen absorbing plants in the area.